

Ed. **757. Breytingartillaga** [311. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 14/1973, sbr. lög nr. 21/1977, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 6. gr. komi ný gr., 7. gr., svohljóðandi:

Heimila má fjölbrautaskóla að standa fyrir námskeiðum, þ. á m. kvöldskóla, fyrir þá sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans en æskja að ljúka námi hliðstæðu því sem í boði er á námsbrautum hans. Slíka heimild veitir menntamálaráðuneytið að fengnu samþykki annarra aðila að rekstri skólans. Skal kennslan vera nemendum að kostnaðarlausu. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi þessa.